



Mætt eru: Davíð Samúelsson, Anna Björg Stefánsdóttir, Þórir Erlingsson, Þorvarður Hjaltason, Gunnar Þorgeirsson, Ásbjörn Jónsson og Sigrún Kapítola Guðrúnardóttir (í fjarfundi frá Höfn).

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Fjölheimar / fjarfundur 11. júní 2013 kl. 11.00 – 12.00

Starfssemi

Þetta er síðasti stjórnarfundur fyrir sumarfrí, næsti fundur áætlaður í byrjun september.

- **Starfsmannamál**

Starfsmenn eru Davíð Samúelsson, Ragnhildur sem er sameiginlegur starfsmaður MSS og Kötlu Jarðvangs og svo er það Guðmundur Fannar Viktorsson sem er tímabundið ráðinn í 100% starf og sinnir verkefnum við Winterwonderland og Sóknaráætlun 2020.

- **Sumarfrí og opnunartími í sumar!**

Skrifstofuhúsnæði sem MSS hefur aðstöðu í verður lokað í júlí vegna framkvæmda og á þeim tíma verða aðrir starfsmenn en Davíð í launalausni frí.

Umræður, hver verður staða bæklingins þegar kemur að lokun í júlí? Hún á að vera komin vel á veg.

Ákveðið að vera tilbúin með bæklinginn í allra síðasta lagi fyrir sýninguna / work shop „Hittumst í september“.

Markaðsmál

- **Kynning á aðkomu MSS í ferðablöðum**

- **Grapevine – Ævintýralandið Ísland – ferðablað MBL**

Davíð hefur valið vel úr hvað varðar að setja fjármuni í ferðablöð. Þar sem MSS hefur komið að hefur verið haft að leiðarljósi að koma Suðurlandi í heild á framfæri og passa upp á að réttar upplýsingar komi fram. Davíð hefur reynt að ritstýra þeim greinum sem MSS setur fjármagn og eitt af aðal verkefnum er að tryggja rétta landafræði hvað varðar uppsetningu á upplýsingum og Suðurlandi í heild.

- Mjög góð samvinna við Grapevine og þar er Suðurland að ná góðum sýnileika og því má fyrst og fremst þakka góðu samstarfi og góðum blaðamönnum sem starfa á vegum Grapevine. Þessu blaði er dreift vel, á öll hótél í Reykjavík upplýsingamiðstöðvar og víða um landið. Því vel þess virði að hlúa vel að samstarfinu við þá.

- **Kynning á innanlandsátakinu „Ísland er með ´etta“**
 - Heildarfjármagn var 17 millj.kr. Hver markaðsstofa hefur sett í þetta 1 milljón kr. Ferðamálastofa setur á móti 3 milljónir og svo fjármagn frá einkaaðilum. Hefur gengið vel og áhugi á meðal markaðsstofa að halda áfram með verkefnið. Menn vilja draga úr hlut auglýsingastofa í starfsseminni og dreifa verkefnum meira inn á markaðsstofunnar. Fara fyrir að stað og marka betur stefnuna um það hvað skal gera.
 - Umræður um stöðu MSS samanborið við aðrar markaðsstofur og velt því upp hvort að stjórnin samþykki að halda áfram í verkefninu. Það er samþykkt og með því að jafn hátt framlag komi frá öllum markaðsstofunum.

- **Kynning á 2020 verkefninu „Suðurland allt árið“ / winterwonderland.is**
 - Vinna hafin við að marka markaðsáætlun og verkefnaáætlun fyrir verkefnið. Búin að ráða starfsmann (Guðmundur Fannar). Davíð leggur til að skilagreinar / vinnuskýrslur komi frá starfsmanni 1x í mánuði. Það sé nauðsynlegt til þess að tryggja aðhald og eftirfylgni með verkefninu og því fjármagni sem því fylgir.
M.a að gera kortagrunn af Suðurlandi til að gera betra borðkort, greiningarvinna á þjónustu og möguleikum á Suðurlandi til þess að geta betur komið til móts við ferðamanninn og þá agenta sem selja Suðurland.
 - Grunnþættirnir eru að finna „nice“ hópa og gera vörur (pakka) til að geta sótt á þessu nýju hópa, t.d. eldri borgara, gönguhópa, matarferðamenn og fl. Markmiðið að fá ferðamenn til þess að dvelja lengur á Suðurlandi. Við viljum færri ferjanir yfir Hellisheiði, frekar að fólk dvelji á Suðurlandi og ferðist um það.
 - Umræður um háönn og lágönn og hvernig megi finna leiðir til þess að fá betri upplýsingar um það hvar skilin liggja þarna á milli. Hverjir eru á ferðinni, hvaðan og hvers vegna ? Mikið af þessum upplýsingum liggja fyrir ýmist hjá Ferðamálastofu, SAF og svo hjá rekstraraðilum. Mikilvægt að þessar upplýsingar fylgi með í skýrslumati í vinnu 2020.

Heimasíður

- **Tilboð við endurgerð www.south.is**
 - MSS heldur úti markaðsstofa.is og south.is. South.is hefur verið til nokkurra vandræða og því er vilji til þess að koma þessu í annan farveg. Kostnaður við vinnu við síðuna hefur verið of mikill. Hefur verið í umræðunni að færa þetta undir vef Íslandsstofu. Vefurinn er góður og gildur sem upplýsingasíða en nauðsynlegt er að vinna þessu fastan farveg sem verði hagstæður og notendavænn. Mikilvægt að allir landshlutarnir hafi sambærilegt útlit.
 - Vefsíðu umræðan er orðin löng en þó nauðsynleg. Lagt fyrir stjórn hvort hún samþykki að setja fjármagn í það að fara út í uppfærslu á vefnum og færslu hans undir annað kerfi. Áætlað að það geti kostað 1-1.2 millj.kr. Stjórn ekki tilbúin til þess að stökkva af stað. Málið verði skoðað vandlega og tekið aftur til skoðunar síðar.
 - Visiticeland.is er ekki að virka sem brú áfram yfir á landshlutasíðurnar og eru það vonbrigði. Teljum að mikilvægt sé að vinna því að koma þessu í betri mál.

- Landshlutarnir þurfa að vinna markvissar og ákveðnar saman til þess að tryggja að dreifing fjármagns fari saman við það hvar ferðamennirnir koma við og hvar álagið er undan ferðamönnunum. Umræður um gjaldtöku á ferðamannastöðum, ferðamannapassa og fleira.

Sýningar

- **VestNorden**
 - 140.000 sem við borgum fyrir básinn. Munum vera í bás með Vesturlandi og Austurlandi. Lögð verði áhersla á að kynna Suðurland í heild. Áætlaður heildarkostnaður okkar verði um 300þ krónur.
 - Umræður um „Fam ferðir MSS“. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir að þessar ferðir eru miðaðar að því að heimsækja þá aðila sem eru aðilar að MSS. Þeim fjölgar ört og núna er staðan orðin sú að öll sveitarfélögin á meginlandi Suðurlands eru orðin aðilar að MSS.
- **Kostnaður vegna Skandinavíu-kynningar maí 2013**
 - Þessi kynning var góð og gott tengslanet er orðið til við agenta í Skandinavíu. Heildarkostnaður við þátttöku 250.000
- **Suðurlandsmóttaka í Reykjavík á haustmánuðum.**
 - Heildar upplifun á Suðurlandi, atvinnulíf, framleiðendur og þjónusta. Fyrir fyrirtækin í MSS og að markhópurinn verði agentar sem hjálpa okkur að selja Suðurland. Til umræðu að halda uppskeruhátíð Suðurlands í framhaldinu um kvöldið.
 - Umræða um „Hittumst“ sem halda á 2 vikum f Vest Norden. Hugmynd er að bjóða öllum landshlutum til þess að kynna vöruna sína fyrir ísl.ferðaskrifstofum svo að þær geti þá farið áfram með vöruna á Vest Norden.

Önnur mál

- Rangárþing Ytra komið inn í MSS og því er áhugi á því að uppfæra myndbandið um Suðurland með tilliti til þess.
- Umræða um áhrif þess á starf MSS og „Suðurland allt árið“ verkefnisins að Vestmannaeyjar eru ekki formlega aðili að MSS. Það eru fyrirtæki í Vestmannaeyjum aðilar en það bitnar auðvitað á þeim á ákveðin hátt sú fráhverfa sem er til staðar af hendi Sveitarstjórnar Vestmannaeyja gagnvart aðild að MSS.

Fundi slitið kl: 12:16.

Selfoss/Suðurland 11.06.2013

Fundargerð ritaði Sigrún K.G